

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöðin Höfði Reykjavík



Dags eftirlits 16.5.2014

Fulltrúi UST Gottskálk Friðgeirsson

Fyrirtæki Malbikunarstöðin Höfði

Fulltrúi UST

Heimili Sævarhöfði 6 - 10

Tegund eftirlits Reglugundið

Kennitala 5810962919

Flokkur Malbik

Fulltrúi fyrirtækis Halldór Torfason

ÍSAT nr. 26.82.9

Fulltrúi fyrirtækis Elín Ásgeirs dóttir

Staðsetning 362038,627 405923,675

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt eldra frávik. Frávikið snýr að botnþykktarmælingum geyma sbr. reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Úrbótaáætlun vegna botnþykktarmælinga er í gildi til 1. júní 2016. Engin önnur athugasemd var gerð við malbikunarstöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá eftirlits samkvæmt útsendum tölvupósti:

1. Yfirferð skýrslu frá síðasta ári og út afstandandi atriði
2. Mælingar og skráningar
3. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
4. Skoðun á fyrirtækinu
5. Önnur mál

Í eftirlitsskýrslu síðasta árs kom fram frávik vegna þess að ekki er lokið öllum botnþykktarmælingum á geymum. Unnið hefur verið að mælingum á geymum eins og kröfur eru um en enn hafa bæst við geymar sem þarf að botnþykktarmæla. Rekstraraðili hefur frest til 1. júní 2016 til þess að ljúka botnþykktarmælingum á út afstandandi geymum.

Uppfærðar viðbragðsáætlunir um viðbrögð vegna óhagstæðra veðurskilyrða, áætlun vegna eðlilegs reksturs og viðhalds rykhreinsibúnaðar og til að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar og annarra mengunaróhappa hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar og stofnunin sampykkir þær.

Rekstraraðili létt á árinu 2013 mæla olíuleifar í frárennsli fyrirtækisins eftir að það hefur farið í gegnum olíuskilju neðarlega í lóðinni. Ekki greindist olía í sýninu. Gera þarf mælingu á þessu ári.

Rekstraraðili hefur tvær aðskilda malbikunarstöðvar í stöðinni. Annars vegar ViaNova stöð frá árinu 1972 og hins vegar Benninghoven stöð frá 2006. Tveir brennarar með aðskilda storsteina og er símæling í skorsteinum beggja stöðva. Gögn sýna að ryk í útblæstri stöðvanna er vel innan við starfsleyfiskröfur (100 mg/Nm³) og er að mælast á bilinu 20 – 60 mg/Nm³. Rekstraraðili hefur hug á að hefja framleiðslu á malbiki úr endurunnu efni og hefur verið að gera tilraunir á því sviði. Auðsýnt er að gera verði kröfur um mælingar á PAH efnum (polyaromatic hydrocarbons) ef af þessari framleiðslu verður. Starfsleyfi rekstraraðila rennur út 1. febrúar 2015 og líklegt er að fyrirtækið verði flutt á nýja staðsetningu í borginni. Ef framleiða á malbik úr endurunnu efni þá skal sækja um það með nýrri umsókn um starfsleyfi.

Nýjar hávaðamælingar fyrir lóðirnar á Sævarhöfða 6 - 10 hafa borist stofnuninni. Efla verkfræðistofa framkvæmdi mælingarnar. Jafngildishljóðstig mælist hæst á mælistað 3a, á lóðarmörkum við Malarhöfða 10. Niðurstaðan var 65,5 dB en viðmiðunarmörk fyrir athafna- og iðnaðarsvæði er að jafngildishljóðstig fari ekki yfir 70 dB. Sú krafa er því uppfyllt.

Rekstraraðili hefur umhverfisstjórnunarkerfi og unnið er að því að fá það vottað samkvæmt staðlinum ISO 14001. Gæðakerfi fyrirtækisins fékkst vottað (FM594436) samkvæmt ISO 9001 á haustmánuðum 2013.

Engar kvartanir vegna malbikunarstöðvarinnar hafa borist, hvorki vegna ryks né hávaða. Engin mengunaróhöpp urðu í fyrirtækinu á síðasta ári.

Farið var um lóð fyrirtækisins, rætt við Theodór Welding Snorrason framleiðslustjóra um stillingar á brennurum og pokaskipti. Einnig skoðuð niður föll í plönum við stöðvarnar og afstaða til olíuskilju. Viðhald og eftirlit með mengunarvarnabúnaði telst í góðu lagi. Pokaskipti í lofhreinsibúnaði og tæming og viðhald olíuskilja í góðu lagi.

ANNAÐ

Eitt frávik úr eftirliti ársins 2012 er enn ófrágengið en unnið er eftir samþykktri úrbótaáætlun.

Reykjavík, 03.09.2014



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.